



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi

Erindi nr. P 139/1364

Þomudagur 15.2.2011



Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, 299. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið. Með því er ætlunin að leiða í lög tilskipun ESB 2004/35. Lagafrumvarpinu eins og tilskipuninni er ætlað að skýra ábyrgð allra aðila verði umhverfistjón eða að skapast hefur yfirvofandi hætt á umhverfistjóni. Tilskipuninni og lagafrumvarpinu er ekki ætlað að verða tilefni nýrra krafna í starfsleyfum til atvinnufyrirtækja sem undir löginn munu falla né tilefni til krafna um sérstakar rannsóknir. Löginn verða þannig fyrst og fremst tilefni til forvarna af hálfu þeirra sem undir þau munu falla og leggja ábyrgð á viðkomandi þegar umhverfistjón verður eða slíkt er yfirvofandi.

Samtökin benda á að þegar gilda hér á landi lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 þar sem kveðið er á um viðbrögð og tryggingar vegna bráðamengunar. Hætt er á að löginn geti skarast sérstaklega þegar kveðið er á um fjárhagslegar tryggingar, viðbrögð við umhverfistjóni og fleiri atriðum. Nauðsynlegt er að Alþingi taki af skarið þannig eð ekki gildi tvenn lög um sama tjón með allri óvissu sem því getur fylgt.

Í frumvarpinu er í 7. tl. 6. gr. fjallað um ráðstafanir til úrbóta og þar kemur fram að vegna tjóns á landi taki aðgerðir til þess, að fjarlægja mengandi efni eða lífverur og endurheimta fyrra ástand. Með þessu er gengið lengra en tilskipunin segir til um og í greinargerð er sagt að þetta sé í samræmi við meginreglur umhverfisréttar og æskilega framkvæmd. Samtökin leggja eindregið gegn þessari framkvæmd og benda á að það sé óeðlilegt að gerðar verði frekari kröfur um úrbætur en að bæta tjón sem orðið hefur. Grundvallaratriði hlýtur að vera að bæta tjón en um leið og farið er að gera frekari kröfur er komið út á braut sem engin leið er að sjá fyrir hvert leitt getur. Nauðsynlegt er að samræmi verði milli skilgreiningar á tjóni og þeirra ráðstafana sem grípa á til.

Samtökin lýsa áhyggjum af því að öll friðlýst svæði falli undir þessa löggjöf. Á undanförunum árum hefur sífellt fjölgað þeim svæðum þar sem beitt hefur verið einhvers konar friðlýsingu og þau sífellt færst nær skilgreindum atvinnu- og iðnaðarsvæðum. Skemmst er að minnast þeirra áforma í náttúruverndaráætlun að friðlýsa skilgreint iðnaðarsvæði í Grindavík og höfnina í Kópavogi. Það er óviðunandi að atvinnureksturinn búi við að allt í einu verði búið að friðlýsa þeirra næsta nágrenni og um leið geti þau búið við auknum kröfur um úrbætur verði tjón vegna starfsemi þeirra. Þetta hlýtur að kalla á að gerðar verði kröfur um að sveitarfélögin sem taka ákvörðun um friðlýsingu í samráði við umhverfisvöld beri a.m.k að hluta ábyrgð á því tjóni sem verða kann.

Í lagafrumvarpinu er tjónvaldi á nokkrum stöðum gert að standa fyrir rannsóknum sbr. t.d. í 3. mgr. 2.gr. og 1. mgr. 12. gr. Ekki verður séð að orðið rannsóknir komi fyrir í tilskipun um umhverfisábyrgð og því er sett spurningarmerki við hvaða erindi það á inn í frumvarpið. Lög um umhverfisábyrgð geta ekki orðið til að krefja fyrirtæki um rannsóknir eða aðgerðir áður en mál eru komin á það stig að annað hvort sé umhverfistjón orðið eða að það sé yfirvofandi. Allar aðrar athuganir, vöktun, sýnataka, greiningar, mælingar, rannsóknir, áhættumat og öryggisráðstafanir hljóta að vera gerðar með ákvæðum í



starfsleyfum þar sem reynt er að taka á þeim áhættuþáttum sem séðir eru fyrir. Lög um umhverfisábyrgð geta ekki orðið til að stjórnvöld geri nýjar kröfur um rannsóknir eða fyrirbyggjandi ráðstafanir. Nauðsynlegt er að algerlega séu skýr skil milli laga um almennar ráðstafanir sem fyrirtæki þurfa að standa fyrir í mengunar- og slysavörnum og lögum sem gilda eiga þegar tjón er orðið eða er yfirvofandi.

Samtökin leggja til að tveir nýir málslíðir bætist við 1. mgr. 11. gr. svohljóðandi: Hafi umsögn ekki borist innan tiltekins frests skal Umhverfisstofnun líta svo á að viðkomandi stofnun eða sérfróður aðili hafi ekkert fram að færa. Rekstraraðila sem talinn er bera ábyrgð skal einnig gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að stofnanir iðka þann leik að skila lögbundnum umsögnum seint og illa og nauðsynlegt að þeim verði settur tiltekinn frestur.

Samtökin leggja eindregið til að í 20. gr. verði tekin upp heimild í b-lið 4. tl. 8. gr. tilskipunarinnar (sbr. einnig 20 lið aðfararorða) með nýjum málslíð í lok greinarinnar sem hljóðað getur þannig: Sama á við um losun eða starfsemi eða hvers kyns notkun vöru í tengslum við starfsemi, sem rekstraraðilinn sýnir fram á að hafi ekki verið líkleg til að valda umhverfistjóni, samkvæmt þeirri vísinda- og tækniþekkingu sem var aðgengileg þegar losunin átti sér stað eða starfsemin fór fram. Með þessu er tryggt samræmi laganna hér á landi og í helstu samkeppnislöndum.

Lagt er til að málslíðurinn í 23. gr. skiptist í tvennt þannig: Umhverfisstofnun getur látið framkvæma ráðstafanir sem fyriræmi voru gefin um skv. III. kafla á kostnað rekstraraðila sem ábyrgð ber samkvæmt lögnum þegar frestur sem gefinn var til framkvæmda er útrunninn. Sama gildir þegar framkvæmdir þola ekki bið enda fylgi ákvörðun rökstuðningur stofnunarinnar.

Lagt er til að orðin „eftir þörfum“ falli brott úr 2. mgr. 24. gr.

Í 29. gr. er lagt til að við bætist ný málsgrein í samræmi við tilskipunina: Reynist mat á tjóni eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni rangt skal endurgreiða rekstraraðila þann kostnað sem á hann hefur fallið.

Í 33. gr. er lagt til að seinni hluti síðari málslíðar falli brott þar sem fjallað er um „ófullnægjandi tækjabúnað eða verkstjórn“. Engin slík ákvæði er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda sem vísað er til í greinargerðinni og með ákvæðinu er boðið heim óvissu og mismunandi túlkun sem enginn endi getur orðið á.

Að lokum minna samtökin á að sveitarfélög í landinu reka margs konar starfsemi sem fallið getur undir fyrirhuguð lög um umhverfisábyrgð en samkvæmt frumvarpinu er sveitarfélögum ætlað stórt hlutverk við eftirlit, úrbætur og aðra þætti við framkvæmd laganna. Þetta býður heim víðtækum hagsmunatengslum og árekstrum og hættu á mismunun og grun um mismunun. Mikilvægt er að þegar frumvarpið verður afgreitt sem lög verði vel fyrir séð að til þessa komi ekki.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins